



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Samstarf við Samhjálp vegna vetraropnunar sérstaks neyðarskýlis

Lagt er til að gengið verði til samstarfs við Samhjálp sem lið í vetraráætlun um opnun neyðarskýla. Kaffistofa Samhjálpar verði opin fyrir heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir frá kl. 14:00-16:30 alla daga í desember 2023 og janúar og febrúar 2024. Ennfremur er lagt til að Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði boðin aðild að vetraropnuninni gegn hlutdeild í kostnaði. Áætlaður heildarkostnaður vegna þriggja mánaða vetraropnunar er 5,2 m.kr., sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 18. október 2023 var lagt fram minnisblað um vetraráætlun í málaflokki heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Velferðarráð samþykkti svohljóðandi tillögu:

Velferðarráð felur velferðarsviði að útfæra tillögu um rekstur tímabundins dagsathvarfs fyrir heimilisláust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir sem yrði opið í desember 2023 – febrúar 2024. Reynsla af þessari opnun yrði tekin saman til að nýta í áframhaldandi þróun úrræða fyrir þennan hóp fólks.

Í minnisblaðinu kemur fram að alls var neyðaráætlun vegna veðurs virkjuð 21 sinni síðastliðinn vetur. Á sama tíma höfðu neyðarskýlin greint frá mjög aukinni aðsókn. Einnig kemur fram:

Æskilegt sé að koma á fót tímabundnu dagsathvarfi fyrir karlmenn í desember og janúar þegar áætla má að neyðaráætlanir verði virkjaðar. Þjónustutími væri utan opnunartíma neyðarskýla og lögð áhersla á vinnslu mála á neyðarstigi. Félagráðgjafar á miðstöðvum sem sinna ráðgjöf við notendur í málaflokki heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir væru þar með fasta viðveru og óskað eftir samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök. Um væri að ræða tímabundna sprettavinnu til að fá góða vinnslu í mál en staðreyndin er sú að alltof margir notendur nýta neyðarskýli án þess að eiga húsnæðisumsókn eða eiga umsókn sem fangar ekki stuðningsparfir þeirra.

Velferðarsvið ákvað, sem lið í útfærslu á tillögu um rekstur tímabundins dagsathvarfs, að eiga fund með framkvæmdastjóra Samhjálpar um mögulegt samstarf. Á grundvelli þess samtals hefur Samhjálp lagt fram samantekt og kostnaðaráætlun um breytingar á opnunartíma Kaffistofu Samhjálpar, frá 1. desember 2023 til og með 29. febrúar 2024. Áætlaður kostnaður við aukinn opnunartíma frá kl. 14:00-16:30 alla daga á tímabilinu er um 5,2 (fylgiskjal1).

Velferðarsvið telur tilboð Samhjálpar sanngjarnt. Eins og fram kemur í bréfi Samhjálpar er hægt að nýta tímabilið til mats á árangri og kortlagningar. Jafnframt gæfist ráðgjöfum aukið tækifæri



Reykjavíkurborg

til að hitta fólk í kaffistofunni og mögulega haft þar fasta viðveru eins og fram kemur í fyrrnefndu minnisblaði.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa látið í ljós áhuga á að koma að mögulegri vetaopnun sérstaks neyðarskýlis og ræða þarf aðkomu þeirra að opnuninni og kostnaðarhlutdeild.

Fylgiskjal:

Tilboð Samhjalpar vegna vetaopnunar kaffistofnunnar dags. 9 nóvember 2023.